




Fréttatilkynning 5. desember 2024


Árshlutareikningur Reykjavíkurborgar janúar - september 2024

Árshlutareikningur Reykjavíkurborgar fyrir tímabilið janúar-september 2024 var afgreiddur í borgarráði í dag, fimmtudaginn 5. desember. Hér eru raktar meginniðurstöður árshlutareiknings Reykjavíkurborgar fyrir A- og B-hluta og A-hluta.

A - og B - hluti:



Rekstrarniðurstaða A- og B-hluta var jákvæð um 1,6 ma.kr. sem var 4,5 ma.kr. betri niðurstaða en fyrir sama tímabil 2023. Í áætlun var gert ráð fyrir 10,2 ma.kr. rekstrarafgangi. EBTIDA var jákvæð um 41,7 ma.kr. eða 6,4 m.kr. betri niðurstaða en fyrstu níu mánuði síðasta árs en var um 4,9 ma.kr. lakari niðurstaða en gert var ráð fyrir í áætlun. EBITDA nam 41,7 ma.kr. sem er 21% í hlutfalli af tekjum og hækkar um 1,5%-stig milli ára.






Tekjur tímabilsins námu 201,4 ma.kr. og hækkuðu um 18 ma.kr. samanborið við sama tímabil 2023 eða um 9,8%. Þar af hækkuðu skatttekjur og tekjur frá Jöfnunarsjóði um 9,2 ma.kr. eða um 8,4%, þar af skilaði 0,23% útsvarshækkun í ársbyrjun 1,5 ma.kr. Hækkun staðgreiðslu á milli ára nam 6,7% ef ofangreind útsvarshækkun er undanskilin. Aðrar tekjur hækkuðu um 8,8 ma.kr. sem að hluta má rekja til tekna OR en tekjur OR hækkuðu um 5,4 ma.kr. eða 12,7%. Tekjur af heitu vatni og rafmagni hafa aukist auk þess sem innkoma burðarnets Sýnar í rekstur Ljósleiðarans hefur hér áhrif milli ára.

Rekstrargjöld með afskriftum námu 180,2 ma.kr. á tímabilinu og hækkuðu um 13,3 ma.kr. miðað við sama tímabil 2023 eða um 8%. Þar af hækkaði launakostnaður um 4,8 ma.kr. og annar rekstrarkostnaður um 7,6 ma.kr.


Fjármagnskostnaður var 1,7 ma.kr. lægri í ár en á sama tímabili í fyrra. Þar munar mestu um að álafleiðan var 0,7 ma.kr. tekjufærsla í ár en var 0,8 ma.kr. gjaldfærsla í fyrra. Auk þess sem vaxtagjöld og verðbætur voru 0,8 ma.kr. lægri í ár en á sama tímabili 2023.




Fjármagnsliðurinn var neikvæður um 21,7 ma.kr. Vaxtagjöld og verðbætur námu 24,3 ma.kr., þar af námu verðbætur 12,7 ma.kr. Frá ársbyrjun hefur vísitala neysluverðs hækkað um 3,95%¹ samanborið við 4,2% sem gert var ráð fyrir í fjárhagsáætlun. Álverð hækkaði um 9,6% frá ársbyrjun til loka september. Tekjufærsla vegna innbyggðrar álafleiðu í raforkusölusamningum nam 731 m.kr.

Heildareignir A- og B-hluta Reykjavíkurborgar samkvæmt samanteknum efnahagsreikningi 30. september 2024 námu 953,4 ma.kr. og heildarskuldir ásamt skuldbindingum námu 515,5 ma.kr. Eigið fé nam 437,8 ma.kr. en þar af nam hlutdeild minnihluta 17,1 ma.kr. Eiginfjárlutfall A- og B-hluta í lok september nam 45,9% en var 46,9% um áramótin..

¹ Skuldir Reykjavíkurborgar eru reiknaðar upp miðað við vísitölu neysluverðs til verðtryggingar og hefur hún hækkað um 4,62% á tímabilinu.




Handbært fé nam 27,1 ma.kr. í lok tímabils og breyttist óverulega frá áramótum. Veltufé frá rekstri var 30,4 ma.kr. Fjárfestingar að frádregnum seldum eignum námu 39,6 ma.kr., greidd gatnagerðargjöld og seldur byggingarréttur námu 3,2 ma.kr. Lántaka og ný stofnframlög námu 26,4 ma.kr. á tímabilinu og afborganir lána og leiguskulda námu 25 ma.kr. Nýjar leiguskuldir námu 540 m.kr.



Veltufé frá rekstri í hlutfalli af tekjum var 15,1% og hækkaði um 0,8%-stig miðað við sama tímabil 2023 og hækkar nú annað árið í röð.



A - hluti:



Rekstrarniðurstaða A-hluta á fyrstu níu mánuðum ársins 2024 var neikvæð um 1,1 ma.kr. sem var 0,3 ma.kr. betri niðurstaða en á sama tímabili 2023. Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði og afskriftir (EBITDA) var jákvæð um 9,3 ma.kr. sem var um 2,7 ma.kr. betri niðurstaða en fyrir ári síðan.




Í fjárhagsáætlun var gert ráð fyrir að rekstrarniðurstaðan yrði jákvæð um 5,5 ma.kr. á tímabilinu. Helstu frávík má rekja til lægri staðgreiðslu útsvars, tilfærslu á sölu eigna og byggingaréttar á milli tímabila, útgjalda á velferðarsviði vegna þjónustupyngdar barnaverndar og áhrifa verðbólgu á fjármagnsliði.

Rekstrartekjur tímabilsins námu 141 ma.kr. og hækkuðu um 10,9 ma.kr. á milli ára eða um 8,3%. Tekjur voru undir áætlun sem nemur 3,1 ma.kr. Skatttekjur námu 109 ma.kr. og var staðgreiðsla útsvars 2,8 ma.kr. undir áætlun. Vísbendingar eru um að kólnun í hagkerfinu sé farin að hafa áhrif á staðgreiðsluna. Í desember 2023 náðist annar áfangi í samkomulagi við ríkið um breytingu á fjármögnun á þjónustu við fatlað fólk. Samkomulagið fól í sér tilfærslu skatttekna frá ríkinu til sveitarfélaga sem nam 0,22% af útsvarsstofni frá og með árinu 2023 og um 0,23% frá og með árinu 2024. Rekja má 1,5 ma.kr. hækkuð í staðgreiðslu útsvars milli ára til þeirra breytingar. Sé hins vegar horft til hækkunar útsvars frá upphafi árs 2023 hefur prósentuhækkun beggja ára skilað 2,9 ma.kr. hærra útsvari fyrir fyrstu 9 mánuði ársins. Þrátt




fyrir samkomulagið glíma sveitarfélög enn við mikla vanfjármögnun vegna málaflokks fatlaðs fólks og er það eitt af áherslum Reykjavíkurborgar í gildandi fjármálastefnu að leiðrétta fjármögnun hans.



Sala byggingarréttar nam 1,6 ma.kr. og var 1,4 ma.kr. undir áætlun, auk þess sem söluhagnaður eigna var 2,2 ma.kr. undir áætlun. Útkomuspá fyrir árið gerir ráð fyrir að áætlanir muni ganga eftir en sala byggingarréttar og sala eigna hefur verið afturþung á árinu.

Laun og launatengd gjöld námu 77 ma.kr. og voru 0,6 ma.kr. yfir fjárheimildum. Launakostnaður hækkaði um 4 ma.kr. milli ára en nýir kjarasamningar við nokkur stéttarfélög hafa hér nokkur áhrif. Annar rekstrarkostnaður nam 53 ma.kr. og var um 2,6 ma.kr. umfram fjárheimildir en tekjur koma á móti hluta þessa kostnaðar. Helstu frávik frá áætlun má meðal annars rekja til vistgreiðslna vegna barna á vegum Barnaverndar Reykjavíkur sem voru 1,2 ma.kr. umfram fjárheimildir.


Nettó fjármagnsgjöld voru 1,5 ma.kr. hærri en á síðasta ári en frávik frá fjárhagsáætlun var 0,4 ma.kr. Greiddur arður var 1,6 ma.kr. lægri en á síðasta ári sem skýrist af því að arður frá Faxaflóahöfnum var um 1,2 ma.kr. lægri en á síðasta ári.



Handbært fé hækkaði um 0,3 ma.kr. frá áramótum til loka september og nam 11,9 ma.kr. í lok tímabils. Fjárfestingar að frádregnum seldum eignum námu 15,3 ma.kr. Greidd



gagnagerðagjöld og sala byggingarréttar námu 3,2 ma.kr. Lántaka langtímalána tímabilsins nam 11,1 ma.kr., engin útgáfa var í grænum skuldabréfum á tímabilinu. Afborganir lána og leiguskulda námu 10,5 ma.kr.



Veltufé frá rekstri var 10,6 ma.kr. og nam 7,5% í hlutfalli af tekjum á fyrstu níu mánuðum ársins.

Rekstrarumhverfi Reykjavíkurborgar hefur síðastliðin ár einkennst af penslu á vinnumarkaði, þrálátri verðbólgu og háum vöxtum. Að undanförunu hafa þó væntingar aukist um meiri stöðugleika m.a. vegna hóflegra kjarasamninga sem sveitarfélögin studdu myndarlega með vilyrði um lækkun gjaldskráa og þátttöku í gjaldfrjálsum skólamáltíðum.

Óvissa næstu missera snýr aðallega að því hversu vel gengur að ná niður verðbólgu og vöxtum án þess að kæla hagkerfið um of. Þannig er í nýbirtri þjóðhagsspá Hagstofu Íslands frá 4. nóvember sl. gert ráð fyrir 0,1% hagvexti í ár og 2,4% á því næsta. Þá er einnig enn ósamið við stéttafélög á opinberum markað, þar með talið við Kennarasamband Íslands sem hefur staðið í verkfallsaðgerðum.

Enn reynir á fjárhagsleg samskipti ríkis og borgar sem og annarra sveitarfélaga. Vegur þar þyngst fjármögnun málaflokks fatlaðs fólks en mikilvægir áfangar hafa náðst á síðustu tveimur árum í þeim efnum og fjármagn aukið til málaflokksins með tilfærslu skatttekna frá ríki til sveitarfélaga. Er þó ennþá óútfært hvernig þjónusta við fatlað fólk verður fjármögnuð til framtíðar og talsvert í land sérstaklega þegar kemur að því að takast á við fjármögnun á þjónustu við börn með fjölþættan vanda og fatlað fólk sem þarf að sæta öryggisráðstöfun svo dæmi sé tekið. Auk þess liggur ekki fyrir hvernig sveitarfélögin geti tekist á við fyrirsjáanlegar þarfir við frekari uppbyggingu húsnæðisúrræða og fjölgunar NPA samninga.

Útkomuspá A-hluta fyrir árið 2024 gerir ráð fyrir jákvæðri niðurstöðu ársins sem nemur um 531 m.kr. Ekki eru horfur á öðru en það gangi eftir. Í fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar 2025-2029 sem samþykkt var í borgarstjórn þann 3. desember eru áfram gerðar ríkar kröfur um aðhald í rekstri. Tekið var upp nýtt verklag þar sem skerpt var á ábyrgð stjórnenda og fagraða að forgangsraða þjónustu og verkefnum innan þess fjárhagslega svigrúms sem til staðar er á komandi rekstrarári. Fjárhagsáætlunin byggir á grunni fjármálastefnu Reykjavíkurborgar 2023-2027 sem sett var við upphaf kjörtímabilsins með skýrum áherslum og markmiðum sem fylgt



hefur verið fast eftir. Mælikvarðar fjármálastefnunnar fyrir A-hluta sýna hægfara bata og gert er ráð fyrir að öllum markmiðum stefnunnar verði náð á næsta ári.

Með 13. gr. laga nr. 25/2020 og 2. gr. laga nr. 22/2021 hefur Alþingi vikið til hliðar fjármálareglum sveitarfélaga skv. ákvæði 64. gr. sveitarstjórnarlaga til loka árs 2025. Var það gert til að liðka fyrir möguleikum sveitarfélaganna að grípa til viðspyrnu og sóknar í stað samdráttaraðgerða vegna áhrifa kórónuveirufaraldursins. Undanskilja skal veitu- og orkufyrirtæki við útreikning á jafnvægis- og skuldaviðmiði til ársloka 2029 samanber reglugerð 1195/2024.

Reykjavík, 5. desember 2024.

Nánari upplýsingar veitir

Halldóra Káradóttir sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs

halldora.karadottir@reykjavik.is